

Nr. 115 / 12 Maggý VE 108***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1855
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1988 stál
Stærð: 85,5 brl. 113 bt.
Mesta lengd: 25,95 m Skráð lengd: 23,18 m
Breidd: 6 m Dýpt: 3 m
Vél: Caterpillar 459 kW 1987
Fjöldi skipverja: 7



Maggý ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. september 2012 var Maggý VE 108 við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverji, sem var að koma um borð til að vinna við löndun, rann til á lunningu þegar hann steig á hana af bryggjunni og féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann lenti með hægri síðuna á togvír. Við skoðum kom í ljós að hann hafði rifbeinsbrotnað.

Við rannsókn kom fram:

- að lunningin sem slasaði steig á er á brúarþilfari. Er hún nær metri að hæð og var í sömu hæð og bryggjukanturinn á þessum tíma. Neðan hennar lá, nokkru ofan við brúarþilfarið, stjórnborðs togvírinn strekktur aftur í hlera;
- að skipið var um hálfan metra frá bryggjunni;
- að sögn slasaða var enginn landgangur sem ekki sé vani að hafa enda örðugt við að eiga. Venjulega er farið um borð þar sem hægast er og í þetta skipti var brúarþilfarlunningin í sömu hæð og bryggjukanturinn en sennilega hefur bleyta ollið því að fóturinn rann til enda var rigning. Hann styðji sig venjulega við stýrishúsið, sem er innan við metra frá lunningunni, en hann féll áður en hann náði þar handarstuðning;
- að slasaði sagðist hafa verið í góðum stígvélum eða þeim sem hann noti til sjós og þau séu ekki sleip. Hann telur ekki að fita (grútur) hafi verið undir sólum enda voru þeir á humarveiðum og þá veiðist ekki feitur fiskur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.